



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Nefndasvið Alþingis
bt. viðskiptanefndar
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 138/2431
komudagur 19.5.2010

Reykjavík, 18.05.2010

Tilv.: 1003029

Umsögn um frumvarp til breytinga á samkeppnislögum, 572. mál.

Samkeppniseftirlitið vísar til umsagnarbeiðnar frumvarps til breytinga á samkeppnislögum, þskj. 963, 572 mál. Samkeppniseftirlitið styður þær breytingar sem lagðar eru til í frumvarpinu.

Af hálfu eftirlitsins hefur allt frá árinu 2006 verið bent á mikilvægi þess að Samkeppniseftirlitið hefði rýmri möguleika á því að mæla fyrir um uppskiptingu fyrirtækja en kveðið er á um í núgildandi lögum. Jafnframt telur eftirlitið nauðsynlegt að það hafi skýrar heimildir til þess að vinna gegn skaðlegum eignatengslum. Tillögu að slíkri heimild er að finna í 2. gr. frumvarpsins. Þá tekur eftirlitið undir það sem fram kemur í skýringum með ákvæðinu að sérstaklega sé brýnt að virkja og efla samkeppni í efnahagskreppum þar sem slíkt stuðlar að hraðari endurreisn atvinnulífsins almenningi til hagsbóta. Samkeppniseftirlitið vill hins vegar áréttta það sérstaklega að beiting heimildar af þessu tagi er mikið vandaverk og krefst mikilla rannsókna. Samþykkt ákvæðisins verður því óhjákvæmilega að fylgja auknar fjárveitingar til handa eftirlitinu.

Samkeppniseftirlitið hefur ennfremur bent á mikilvægi þess að það geti borið niðurstöður áfrýjunarnefndar samkeppnismála undir dómstóla og styður því þær breytingar sem mælt er fyrir um í 4. gr. frumvarpsins.

Samkeppniseftirlitið bendir á að samrunagjald sem mælt er fyrir um í 3. gr. frumvarpsins rennur í ríkissjóð og kemur því ekki beint til móts við þá vinnu sem Samkeppniseftirlitið þarf að leggja af mörkum við rannsókn og afgreiðslu samrunamáls. Enga tryggingu er að finna í frumvarpinu fyrir því að samrunagjaldið muni renna til styrkingar Samkeppniseftirlitsins, þó nefnt sé í skýringum með frumvarpinu að eðlilegt sé að fyrirtæki sem tilkynni samruna þurfi að greiða gjald sem gengur þá upp í þann kostnað sem rannsóknin hefur í för með sér. Samkeppniseftirlitið leggur því til að samrunagjaldið renni beint til eftirlitsins.

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið